

Nd.

277. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76 23. júní 1932, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Liðirnir 2. (skemmtanaskattur) og 3. (arður tóbakseinkasölu) skulu úr gildi felldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. lögum um einkasölu ríkisins á tóbaki skal hálfur arður einkasölnnar renna til byggingarsjóða verkamanna. Þykir óhæfa eins og nú er ástatt að svipta sjóðina þessum tekjum, einmitt þegar hin mesta þörf er húsnæðisbóta og atvinnuaukningar. Skemmtanaskattinn þykir eftir atvikum sjálfsagt að taka til sérstakra kreppuráðstafana, meðan honum ekki er varið samkv. hinum upphaflega tilgangi, og er gert ráð fyrir því í öðru frv., er við flm. flytjum.